



Sálfræðingafélag Íslands
(ICELANDIC PSYCHOLOGICAL ASSOCIATION)

Ellefta Sálfræðipingið verður haldið dagana 10., 11. og 12. apríl 2019
í samvinnu SÍ, Háskólans á Akureyri, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík

Auglýst er eftir efni fyrir málstofur, vinnustofur, fyrirlestra og veggspjöld

SKILAFRESTUR ER TIL 7. MARS 2019

Sálfræðipingið er fræðileg ráðstefna fagfólks

Öllum er heimilt að bjóða efni til kynningar á þinginu, svo fremi sem það lýtur að sálfræði og stenst fræðilegar kröfur. Ekki er gerður greinarmunur á fræðilegu og hagnýtu efni en allir fyrirlestrar og veggspjöld eiga að standast fræðilega skoðun.

Á þinginu verður einungis um frumflutning erinda á íslensku að ræða. Ef erindi hefur áður verið flutt hér á landi útilokar það flutning á þinginu. Ef erindi hefur einungis verið flutt erlendis má sækja um að flytja það á þinginu.

Miðvikudagskvöldið 10. apríl

fer fram sá hluti þingsins sem opinn er almenningi en þá verður boðið upp á fræðsluerindi um sálfræðileg málefni.

**Um fræðslu- og námskeiðadaginn
fimmtudaginn 11. apríl:**

Fræðslu- og námskeiðadagurinn er helgaður fræðslu, námskeiðum og kynningum. Skipuleggjendur hafa frjálssar hendur um tímalengd, fyrirkomulag, staðsetningu og þátttökugjöld.

Sálfræðingar eru hvattir til að bjóða upp á fræðslufyrirlestra, námskeið, kynningar og málstofur á vinnustöðum sínum eða í húsnæði SÍ / BHM.

Kallað er eftir efni fyrir fræðslu- og námskeiðadag þingsins:

Stutt námskeið, fyrirlestrar og kynningar um hagnýtt efni af sálfræðilegum toga.

Í ágrip skulu koma fram upplýsingar um höfunda / umsjónaraðila, umfjöllunarefni og fyrirkomulag. Ágrip skal vera að hámarki 150 orð.

Heiðursverðlaun SÍ

verða veitt í fimmta sinn á þinginu. Skorað er á félagsmenn að senda inn tilnefningar um sálfræðinga sem eiga skilið virðingarvott fyrir störf sín, hafa innleitt nýjungar og/eða þróað verkefni í þágu sálfræðinnar, hafa skorað fram úr og verið öðrum fyrirmynd í starfi. Sálfræðingarnir skulu vera félagsmenn í SÍ. Í tilnefningu skal koma fram nafn viðkomandi og góður rökstuðningur.

**Um ráðstefnudaginn
föstudaginn 12. apríl:**

Ráðstefnan fer fram á Hilton Reykjavík Nordica og stendur frá kl. 8:30-17:00. Á ráðstefnunni fara fram þematengdar málstofur og vinnustofur sem og kynning erinda og veggspjalda.

Kallað er eftir efni til kynningar á ráðstefnudeginum:

A. Ágrip vegna málstofa / vinnustofa / erinda: Ágrip skal vera að hámarki 250 orð. Greina skal frá efni, fræðilegu samhengi, rökstuðningi, aðferð og niðurstöðum eftir því sem við á. **Erindi skal taka 15 mínútur í flutningi með 5 mínútna umræðu í kjölfarið.** Ágrip verða birt í ráðstefnuriti, rafrænu fylgiriti Sálfræðiritsins. **Þematengdar málstofur standa í 1 1/2 klst.**

B. Ágrip vegna veggspjalda: Ágrip skal vera að hámarki 250 orð. Í ágrip skulu greina frá umfjöllunarefni, fræðilegu samhengi, rökstuðningi, aðferð og niðurstöðum. Ágrip verða birt í ráðstefnuriti, rafrænu fylgiriti Sálfræðiritsins.

Að kvöldi ráðstefnudagsins fögnum við sjálfum okkur og öðrum - nánar síðar!

Öll ágrip, hugmyndir og tilnefningar til heiðursverðlauna skal senda á word-formi á netfangið arsting@sal.is fyrir 7. mars 2019.